

Fundur með skólastjórnendum

miðvikudaginn 29. október 2014

Mætt voru: Júlía Rós Atladóttir og Helga Ragnarsdóttir frá foreldrafélaginu og Svava Bogadóttir og Hálfdan Þorsteinsson frá skólanum

Mál sem rædd voru:

- Föndurdagur verður haldinn í skólanum líkt og undanfarin ár. Skólastjórnendur auglýsa viðburðinn og hvetja foreldra til að taka þátt í deginum.
- Hugmynd að þátttöku foreldrafélagsins í samveru nemenda – gamlir nemendur skólans komi og kynni sig og hvað þeir eru að gera í dag. Rætt var hvort næsta samvera 8. bekkjar gæti verið fyrsta samveran af þessu tagi.
- Rætt var um þátttöku eldri borgara í starfi skólans, að þeim verði boðið á viðburði og taki þannig þátt í starfinu. Ákveðið var að bjóða eldri borgurum sérstaklega á jólatónleikana og laufabrauðsskurðinn í ár.
- Fyrirlesturinn Ást gegn Hatri. Ákveðið var að fá feðginin Selmu Björk og Hermann með fyrirlestur um einelti í skólann. Verður auglýst sameiginlega með skólanum. Hálfdan sér um að hafa samband. Fyrirhugað að fá þau í byrjun febrúar.

- Vorhátíð í maí – þátttaka foreldrafélagsins hefðbundin.
- Skólahlaup – þátttaka foreldrafélagsins hefðbundin. Foreldrar hvattir til að hlaupa með nemendum.
- Skólaráð – starfið verður eft, m.a. fundað oft en nú er. Foreldrafélagið þyrfti að virkja tengslin við fulltrúa foreldra í ráðinu, Magnús Steingrímsson og Odd Þórðarson. Í skólaráði er farið yfir faglega þætti skólastarfsins.
- Ákveðið var að athuga með leikhúsferð fyrir nemendur 8. 9. Og 10. bekkjar í Gaflaraleikhúsið. Auglýst sem samstarf skólans og foreldrafélagsins. Athugað með 7. nóvember.

Fleira ekki rætt